

Smíðjuvegi 68-70
200 Kópavogi
Sími 510 1500
Fax 510 1509

Alþingi
Erindi nr. P 128/749
komudagur 14.1.2003



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Alþingi - Samgöngunefnd
Ágúst Geir Ágústsson nefndarritari
150 REYKJAVÍK

2002120037

211

10. janúar 2003


Málefni: Eftirlit með skipum, 360. mál.

Vísað er til bréfs yðar dags. 11. desember 2002 þar sem Póst- og fjarskiptastofnun er sent til umsagnar frumvarp til laga um eftirlit með skipum, 360. mál.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur yfirfarið frumvarpið og skoðað þau ákvæði sem snert geta fjarskiptabúnað skipa og skoðun á honum. Skv. 11. gr. frumvarpsins skal tíðni skoðana ákveðin með reglugerð, en samkvæmt gildandi lögum skal framkvæma aðalskoðun árlega. Í athugasemdum með frumvarpinu og fylgiskjali I, drögum að reglugerð, kemur þó fram að ætlunin er að öryggis- og fjarskiptabúnaður verði áfram skoðaður á hverju ári. Þar sem ekki er ætlunin að gera breytingar á tíðni skoðana á fjarskiptabúnaði er ekki gerð athugasemd við 11. gr.

Önnur atriði frumvarpsins gefa ekki tilefni til athugasemda af hálfu Póst- og fjarskiptastofnunar.

F.h. Póst- og fjarskiptastofnunar,


Sigurjón Ingvason